

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2021

frá 3. mars 2021

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/83 frá 27. janúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar framkvæmd einstaklinga, sem hafa til þess sérstaka heimild, á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi og gildistíma tímabundinna ráðstafana ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði sammings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í hluta 1.1 í I. kafla og 31r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 0083**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/83 frá 27. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 23).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 170. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/466) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 0083**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/83 frá 27. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 23).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 23.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/83, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.